

mæla, undir yfirskini guðlegs innblásturs, í misskildum og margafbökuðum ritningargreinum.

Stundum kemur þessi spurning úr þeirri átt, og er á þann hátt fram borin, að hún er alls ekki svara verð, en samt sem áður er hún í eðli sínu æfinlega alvarleg og þýðingarmikil. Því eins og það er víst, að sönn trú — hrein og lifandi trú — er sá mesti dýrgripur, sem nokkur maður getur átt í eigu sinni, eins er hitt líka víst, að ímynduð trú — dauð og sannfæringarlaus VANATRÚ, er eitt af því allra lakasta, sem nokkur maður getur haft meðferðis á lífsleiðinni. Komi spurningin innan að frá manningum sjálfum, og þá kemur hún úr rétttri átt, ætti enginn að draga sig á talar með því, að telja sjálfum sér trú um, að hann tryði nú því, sem hentugast væri í þann eða þann svipinn fyrir afstöðu hans í mannfélaginu, án þess að rannsaka og gjöra sér ljósa grein fyrir, hvort það gæti nú samrýmst við hans innstu andlegu lífsskoðanir.

Það er þýðingarlaust að halda því fram, að sumir menn eða jafnvel heilar þjóðir hafi sérstakan hæfileika til að trúá, en aðrir menn eða heilar þjóðir hafi aftur mjög lítið eða ekkert af þessum hæfileika. Reynslan sýnir að allir menn og allar þjóðir hafa á öllum tímum haft einhvern átrúnað, eftir því ófullkomnari, sem þjóðin hefir staðið lægra að þekkingu, eftir því fullkomnari, sem þjóðin hefir verið lengra á leið komin í þekkingu og sönnunum menningar þroska. Trúin er þannig háð breytibróunar lögmálinu, eins og allt það, er skynjun mannsandans getur gjört sér grein fyrir. Trú og þekking haldast nokkurn veginn óslitð í hendur gegnum sögur aldanna, hvort sem trúin er ávöxtur þekkingar, eða þekkingin ávöxtur trúar.

Trúin er af þjóðanna, allt þeirra innbyrðis skipulag og allar þeirra stefnur og framkvæmdir eru byggðar á trú — trú í einhverri mynd. Því betri sem trúin er, því happasælli afleiðingar hefir hún fyrir þjóðlífið. Það er því ekki þýðingarlaust að leggja rækt við trú sína, gjöra sér ákveðna grein fyrir henni, og geta tileinkað sér hana sem sína eigin trú en ekki sem annara trú. Þá fyrst getur hún orðið og er lífsuppspetta fyrir manninn og mannfélagsheildina.

---